

Rýmkuarferli

Réttargeðdeild

Ósakhæfir brotamenn eru dæmdir í öryggisgæslu á Réttargeðdeild samkvæmt 15. eða 16. grein almennra hegningarlaga. Að vera ósakhæfur þýðir að einhver sem er ákærður fyrir að hafa framið lögbrot reynist of veikur andlega til að taka út refsingu í fangelsi.

Þegar andlegt ástand batnar og útlit er fyrir að aðstæður hafi breyst og betrun sé í augnsýn þá er hægt að skoða möguleika á rýmkuar. Rýmkuar á Réttargeðdeild felur í sér meiri sveigjanleika innan eða utan deildar. Ákvörðun um rýmkuar er alltaf háð mati yfirlæknis.

Hér verður farið yfir það hvernig rýmkuarferlið af Réttargeðdeild gengur fyrir sig.

- Þegar einstaklingur hefur verið vistaður á Réttargeðdeild í eitt ár á hann rétt á því að sækja um rýmkuar. Forsenda fyrir rýmkuar er bati frá þeim veikindum sem metin eru í sakhæfismati fyrir dómi og að fylgja lækni meðferð sem fram kemur í dómi samkvæmt 62. grein almennra hegningarlaga.
- Umsóknarferlið tekur að lágmarki sex mánuði í réttarkerfinu þó að það geti byrjað eftir dvöl einstaklings á Réttargeðdeild í ár ef að allt hefur gengið vel.
- Lögmaður (tilsjónarmaður) sækir um rýmkuar fyrir einstaklinginn til héraðsdóms. Umsóknin fær málsnúmer sem fylgir málinu til enda. Héraðsdómur sendir umsóknina til ríkissaksóknara sem ákveður hvort rýmkuar verði samþykkt. Í ferlinu óskar dómurinn eftir gögnum frá Réttargeðdeild. Dómurinn biður um hjúkrunarbréf, mat sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálf, læknisvottorð og áhættumat.
- Dómurinn biður einnig alltaf um atvikaskráningu og skráningu yfir allt það sem gengið hefur vel og illa á meðan einstaklingur hefur dvalið á Réttargeðdeild. Það kemur fram í hjúkrunarbréfinu.
- Þegar gögnin hafa skilað sér til dómsins er kallað til lokaðs þinghalds. Einstaklingurinn velur sjálfur lögmann til að fara með málið. Heimilt er að breyta um lögmann ef einstaklingar óskar þess.
- Þegar komið er að niðurstöðu dómsins og niðurstaðan sú að rýmkuar er samþykkt þá er rýmkuar dómur birtur. Í dómnum kemur fram hvaða skyldum einstaklingnum ber að hlýða, hvað hann má gera og hvað ekki. Þar kemur fram hvenær á að mæta í viðtöl eða meðferð hjá fagteymi, til dæmis viðtal við lækni eða hjúkrunarfræðing, lyfjagjöf og fíkniefnapróf.
- Þegar rýmkuar dómurinn er staðfestur er sótt um húsnæði og þau úrræði sem einstaklingurinn þarf á að halda. Öruggt húsnæði er tryggt fyrir útskrift af deildinni.
- Rýmkuar dómur eru strangir dómur og ber fólki að fara eftir öllum þeim skilyrðum sem sett eru. Ef ekki er farið eftir því sem stendur í dómnum til dæmis ef neysla byrjar, ekki er mætt í viðtöl eða skilað sér í þau úrræði sem lögð eru til, þá getur rýmkuar dómurinn fallið úr gildi. Það þýðir að einstaklingurinn þarf að dvelja í meðferð inni á Réttargeðdeild í eitt ár til viðbótar áður en nýtt ferli getur hafist.
- Einstaklingar hafa stuðningsnet á deildinni og mæta reglulega í viðtöl við það starfsfólk sem hefur haft umsjón með þeim. Stuðningurinn er í formi viðtala og hafa einstaklingar aðgang að starfsfólki göngudeildar ef vandamál koma upp.